

Alþingi
Erindi nr. P 126/1053
komudagur 23.1.2001

Margrét Hermanns Auðardóttir
ReykjavíkurAkademíunni
Hringbraut 121, 107 Reykjavík

Reykjavík 19.01.2001

Til nefndasviðs Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Hjálögð er umsögn mín til menntamálanefndar Alþingis um frumvarp til þjóðminjalaga (þskj. 237-223.mál) ásamt athugasemdum við frumvarp til safnalaga (þskj. 238-224. mál) og frumvarp til laga um menningarverðmæti (þskj.240-226. mál).

Virðingarfyllst,



Margrét Hermanns Auðardóttir

Til menntamálanefndar Alþingis:

Athugasemdir Margrétar Hermanns Auðardóttur við frumvarp til safnalaga og frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa

Í athugasemdum þessum er ekki ætlun mín sem sjálfstætt starfandi fornleifafræðingur að fjalla um *frumvarp til safnalaga* (þskj.238 – 224. mál) í heild sinni, því ég tel að þau varði fyrst og fremst söfn og starfsmenn þeirra safna sem frumvarpið nær til. Ég tel þó ástæðu til að benda á nauðsynlegt jafnræði milli sérþarfa þeirra safna sem lögunum er ætlað ná til og þá einkum varðandi tilnefningar í safnaráð, sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins.

Safnaráði er ætlað skv. 3. gr. frumvarpsins “að vinna að mörkun stefnu og gera lang-tímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna” (þ.e. menningarminjasafna og náttúrugripasafna). Eigi safnaráði að vera kleift að sinna þessu hlutverki þurfa þeir sem í ráðinu sitja að hafa faglega innsýn í sérþarfir tilgreindra safna. Með þetta í huga ætti ekki einungis Sambanda íslenskra sveitarfélaga og Félag íslenskra safnmanna að tilnefna hvorm sinn fulltrúa í safnaráð, heldur einnig Félag íslenskra náttúrufræðinga einn fulltrúa, Félag íslenskra listfræðinga einn og Íslandsdeild ICOM einn og/eða einn skuli skipaður án tilnefningar. Með alþjóðleg sjónarmið ICOM í huga, mætti einnig hugsa sér sjö manna safnaráð, í stað fimm manna ráðs, til að gera menntamálaráðherra kleift að skipa tvo fulltrúa án tilnefningar í það ráð skv. þessari tillögu.

Ég tel nauðsynlegt að breyta 5. gr. frumvarpsins á þann hátt að aðgreina “söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á þeim minjum um menningarsögu þjóðarinnar” sem varðveittar eru í menningarminjasöfnum frá vörslu fornleifa (þ.e. útminja) sem skipa bæri undir sérstakt embætti.

Ég tel einnig að *frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa* (þskj. 240 – 226. mál) í vörslu safna, opinberra stofnana eða einkaaðila eigi að miðast við umsagnir sérfræðinga við þau söfn og stofnanir sem falið er að varðveita slík verðmæti. Það ætti að vera á hendi safnaráðs (sbr. 2. og 3. gr. frumvarps til safnalaga) að afgreiða mál varðandi flutning menningarverðmæta úr landi og skil á menningarverðmætum til annarra landa, svo fremi sem það ráð er skipað fagmönnum á þeim sérsviðum safna sem safnalög ná til.